

FUNDARBOÐ

1828. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 12. júní 2019 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 18129598 - Mosabarð 15, stækkun á húsi

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 4.júní sl.
Elsa Esther Kristófersdóttir sótti þann 19.12.2018 um að stækka húsið með viðbyggingu á norðurhlíð ásamt breytingu innandyra og nýrri klæðningu að utan samkvæmt teikningum Sturla Þórs Jónssonar. Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 6.3.2019 var samþykkt að grenndarkynna erindið í samræmi við 1.mgr. 2.gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Grenndarkynnt var frá 12.3. - 9.4.2019. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 21.5.2019 var erindinu frestað. Þann 16.04.2019 var skipulagsfulltrúa falið að gera umsögn vegna framkominna athugasemda. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2019.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og á grundvelli 4.gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi bókun:

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var málið sett í grenndarkynningu, en til að verða sett í grenndarkynningu þarf málið að standast það að geta talist óveruleg svo þessi málmeðferð ætti að geta átt sér stað en gerir það ekki þar sem hún skert lífsgæði nágrennans og fellur hvorki innan deiliskipulags eða innan byggingarreits. Einnig kemur fram í gögnum að um minniháttar frávik sé að ræða frá deiliskipulag en ekki á það við þar sem um verulega breytingu er að ræða eða allt að 25% frávik í deiliskipulagi þar sem kveðið er á í greinargerð deiliskipulagsins að aðeins séu 10 /- og ætti því breytingin ef samþykkt er að fara í auglýsingu og senda öllum viðkomandi aðilum í nágrenninu upplýsingar, en hafa ber í huga að það eitt og sér gæti valdið vandræðum þar sem kveðið er á um að einbýlishús sé með ávekeði nýtingarhlutfall. Þyrfti því að hækka nýtingarhlutfallið til samræmis stækkunar sem er alls ekki kosta auðvelt í þessu deiliskipulagi. Ef málið verður samþykkt að óbreytt þar sem það uppfyllir enga skilmála gæti það valdið slæmum afleiðingum.

Viðbyggingin sem telst óveruleg og uppfylli eftirtalin skilyrði A) rúmist innan byggingarreits b) sé innan deiliskipulags c) skerði ekki lífsgæði nágrenna sé hægt

að meðhöndla málið sem breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 26.gr. skipulags- og byggingarlaga. Því miður tikkar það ekki í nein box í liðum a, b og c svo ekki er hægt að veita því slíka málsmeðferð.

Í byggingarreglugerð er tekið skýrt á því í kafla 2.3 um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

2.3.4. gr. Breyting er varðar útlit eða form mannvirkis.

Varði breyting á mannvirki útlit þess og form skal leita samþykkis hlutaðeigandi skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt enda liggja ekki fyrir samþykkt deiliskipulag sem heimilur breytinguna. Ekki þarf að leita slíks samþykkis sé breytingin óveruleg (sem hún er ekki því þá þyrfti hún að uppfylla lið a) falla innan byggingareits b) vera til fyrir í samþykku deiliskipulagi sem hún gerir ekki. Til að breyting á mannvirki geti talist óveruleg má hún ekki skerða hagsmuni nágretta, t.d. hvað varðar útsýni, skuggavarp eða innsýn, ekki breyta eða hafa áhrif á götummynd, né fela í sér stækkun húss á nokkurn hátt, nema stækkunin sé smávægileg og falli innan byggingarreits og breyti ekki eða hafi áhrif á götummynd. Húsum sem njóta friðunar, eru byggð fyrir 1918 eða njóta verndar götummyndar er ekki heimilt að breyta á grundvelli þessa ákvæðis

Í umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram: að minniháttar frávik séu að ræða og vitnar hann í greinargerð deiliskipulagsins í kafla 4.2

Tek ég fram að viðbyggingin er 32,7m². Þegar reiknað er hlutfallið þá eru það um 25% stækkun sem getur ekki með nokkru móti talist til minniháttar frávik úr deiliskipulagi.

Enda er kveðið á í greinargerð deiliskipulags /-10% en þetta er töluvert meira en kveðið er á um við minniháttar frávik eða allt að 15% meira en það sem getur talist til minniháttar fráviks úr deiliskipulagi og kveðið er á í greinargerð deiliskipulagsins. Í lið 5 úr greinargerð deiliskipulagsins segir: „Flatarmáls- og rúmmálsaukning viðbygginga má ekki vera yfir 10% nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til þess og að þær uppfylli að öðru leyti skilyrði sem sett eru hér framan um viðbyggingar sem er ekki uppfyllt að neinu leyti.

Kafla 2.3 Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir í byggingarreglugerðum

2.3.5.gr Minniháttar framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

Eftirfarandi framkvæmdir og breytingar eru undanþegnar byggingarleyfi enda séu þær í samræmi við deiliskipulag:

h. Viðbyggingar.

Ein viðbygging við mannvirki þar sem eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

1. Viðbyggingin er innan byggingarreits.
2. Flatarmál viðbyggingar er að hámarki 40 m².
3. Viðbyggingin er á einni hæð.

Tilkynna skal fyrirhugaða framkvæmd til leyfisveitanda.

Breytingar á deiliskipulagi eru háðar sömu efnis- og málsmeðferð og nýtt deiliskipulag óverulega breytingu má grenndarkynna í stað þess að auglýsa breytingar taka gildi með auglýsingu í B- deild Stjórnartíðinda. Er hún óveruleg? Svarið er nei, þá þyrfti hún að vera innan deiliskipulags eða innan byggingarreits

og ekki skerða lífsgæði nágretta og uppfylla skilyrði um frávík í greinargerð deiliskipulagsins 10 /-.

Þar af leiðandi getur þessi ósk um viðbyggingu á engan hátt fengið jákvæða afgreiðslu að mati Viðreisnar á þennan hátt og miðað við gögn málsins bæri að hafna umsókninni þar sem hún uppfyllir ekki nein af þeim skilyrðum sem settar eru fram, hvorki úr deiliskipulag, byggingarreglugerðum eða almennum skilmálum um frávík í deiliskipulagi.

Almennt um deiliskipulag er kveðið svo á með frávík:

Frávík frá deiliskipulagi

Heimilt er að gefa út famkvæmda- og byggingarleyfi án deiliskipulagsbreytingar ef framkvæmdin er svo óveruleg að hún skerðir á engan hátt hagsmuni nágretta svo sem hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn

Þetta á svo sannarlega ekki við þar sem í grenndarkynningu kom fram athugasemd svo hljóðandi, nágörnum þykir þrengt að sér. Viðbyggingin fer út fyrir byggingarreit sk. skipulagi frá árinu 2003.

Minniháttar frávík úr deiliskipulagi getur því alls ekki átt við hér bæði vegna stærðar á breytingu og skerðingar á lífsgæðum nágretta.

Finnst Viðreisn það hart að leggja málið í þann farveg að sveitarfélagið gæti orðið skaðabótaskyldt vegna ákvörðunar sinnar að samþykkja umsóknina, þrátt fyrir Ítrekaðar tilraunir Viðreisnar að benda á að það uppfylli enginn þau skilyrði sem fram eru lögð og þvert á það sem greinargerð deiliskipulagsins kveður á um og gegn byggingarreglugerðum í kafla 2.3 2.3.4 og 2.3.5 og gegn almennum skilmálum um frávík í skipulagslögum.

Telur því Viðreisn að málinu eigi að hafna samkvæmt þessum upplýsingum.

2. 1902369 - Kvistavellir 63, umsókn um byggingarleyfi

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 4.júní sl. Brynja hússjóður lagði inn uppfærða aðaluppdrætti dags. 14.02.2019 teiknaða af Glámu/Kím arkitektum vegna lokaúttektar. Vegna mistaka við útsetningu húss á lóð á byggingartíma fór hluti húss út fyrir byggingarreit á norð-vestur horni hússins. Erindið var grenndarkynnt sem óveruleg breyting frá 29.03.2019-26.04.2019. Ein athugasemd barst. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa að taka saman greinargerð vegna framkominna athugasemda á fundi sínum þann 7. maí s.l. Lögð fram á ný greinargerð skipulagsfulltrúa dags. 6.05.2019.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytingarnar sem felast í grenndarkynntum uppdráttum Glámu/Kím arkitektum dags. 14.02.2019 og að erindinu verði vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

3. 1706355 - Strandgata 30, byggingarleyfi

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 4.júní sl. Lögð fram breyting á greinargerð deiliskipulags Strandgötu 30. Breytingin felur í sér skilgreiningu á bílastæðakröfum. Lagður fram uppdráttur ASK arkitekta dags. 29.05.2019.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytta greinagerð deiliskipulagsins með vísan til 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar bæjarstjórnar.

4. 1705346 - Hrauntunga, deiliskipulagsbreyting

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 4.júní sl.
Lögð fram á ný tillaga A arkitekta dags. 25.3.2019 að breyttu deiliskipulagi Hrauntungu 5 ásamt skýringargögnum. Gögn frá íbúafundum lögð fram.
Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 11.04.-23.05.2019 í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir breytt deiliskipulag og að málsmeðferð verð lokið í samræmi við 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 1609323 - Fjölskyldugarðar

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 5.júní sl.
Lögð fram tillaga um breytingu á gjaldskrá á leigu á um 10m² garði sé kr. 1.500 sumarið 2019.

Verð var áður 5000 kr. fyrir tvo 10m² garða en innifalið var útsæði og forræktað grænmeti.

Fræðsluráð samþykkir meðfylgjandi gjaldskrá fyrir sumarið 2019 og vísar til frekari staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 1808075 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2019 og 2020-2022

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
3.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 22. maí sl.
Lagðar fram lykiltölur fyrir fyrstu 3 mánuði ársins sem og breytingar í fjárfestingum 2019. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagðar breytingar í fjárfestingum 2019 og vísar til bæjarráðs.

Lagður fram viðauki.

Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagaðan viðauka og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðslu framlagðs viðauka og leggur fram eftirfarandi bókun:

Framlögðum tillögum Samfylkingarinnar um uppbyggingu á leikskóla í Öldutúnsskólahverfi hefur ítrekað verið hafnað. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra ákváðu þess í stað að stækka leikskólann Smáralund til að bregðast við skorti á leikskólaplássum í hverfinu. Nú hefur þeirri framkvæmd einnig verið frestað um óákveðin tíma þar sem lagt er til að lækka framlög til undirbúnings stækkunarinnar úr 15 m.kr. í 5 m.kr. Gert er ráð fyrir að viðbótarkennslustofa verði sett á lóðina sem gerir ráð fyrir 20 plássum til viðbótar en uppfyllir engan veginn þörfina sem fyrir er í hverfinu sem við síðustu samantekt voru rúmlega 100 pláss. Óskað er svara við því hvað eigi að rúmast innan þeirra 5 milljóna sem nú eru áætlaðar í stækkun leikskólans. Minnt er á að enn bíða þá foreldrar barna í Öldutúnsskólahverfi eftir að þessari mikilvægu nærþjónustu sé sinnt með viðunandi hætti innan hverfisins.

Adda María Jóhannsdóttir

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar bóka eftirfarandi:
Fræðsluráð samþykkti á fundi sínum 9. maí 2019 að kennslustofu verði komið fyrir á lóð Smáralundar. Við þá breytingu getur nemendum í Smáralundi fjölgað úr 50 í 70. Auk þess er rétt að benda á að nýr leikskóli í Skarðshlíð muni bæta við annarri deild í haust, til viðbótar við það sem áætlað var og opna tvær deildar í haust í stað einnar, alls 37 nemendur.

7. 1706152 - Hverfisgata 49, lóðarstækkun, lóðarleigusamningur, endurnýjun

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
Endurnýjun lóðarleigusamnings.

Bæjarráð samþykkir endurnýjun lóðarleigusamnings og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 1905362 - Tinnuskarð 7, umsókn um lóð

11.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
Lögð fram umsókn Helgu Lindberg Jónsdóttur og Sumarliða Dagbjarts Gústafssonar um einbýlishúsalóðina nr. 7 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Tinnuskarði 7 verði úthlutað til Helgu Lindberg Jónsdóttur og Sumarliða Dagbjarts Gústafssonar.

9. 1906048 - Tinnuskarð 28-30, umsókn um lóð

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
Lögð fram umsókn Einars Jóns Blandon um parhúsalóðina nr. 28-30 við Tinnuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Tinnuskarði 28-30 verði úthlutað til Einars Jóns Blandon.

10. 1905361 - Völuskarð 3, umsókn um lóð

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
Lögð fram umsókn Edmunds Kampe um einbýlishúsalóðina nr. 3 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Völuskarði 3 verði úthlutað til Edmunds Kampe.

11. 1906047 - Völuskarð 4, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.júní sl.
Lögð fram umsókn Írisar Kristinsdóttur og Grettis Adolfs Haraldssonar um einbýlishúsalóðina nr. 4 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Völuskarði 4 verði úthlutað til Írisar Kristinsdóttur og Grettis Adolfs Haraldssonar.

12. 1906133 - Hvassahraun,flugvöllur,uppbygging,efnahagsleg áhrif á Hafnarfjarðarbæ

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu.

Úttekt: Efnahagsleg áhrif uppbyggingar flugvallar í Hvassahrauni á Hafnarfjarðarbæ

Lagt er til að Hafnarfjarðarbær ráði aðila til þess að leggja mat á þau hagrænu tækifæri Hafnarfjarðarbæjar af mögulegri uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Annars vegar væri skoðaðar líklegar sviðsmyndir af auknum útsvarstekjum bæjarins og hinsvegar tekjur af lóðasölu vegna meiri ásóknar í samgöngutengdum atvinnulóðir í bænum. Úttektin skal miða við fjórar sviðsmyndir: A) ábata af nýjum kennslu og æfingavelli B) ábata af nýrri miðstöð fyrir innanlandsflug og C) ábata af nýjum alhliða alþjóðaflugvelli. D) ábata af nýjum alhliða alþjóðaflugvelli og stórskipahafnar að Óttastöðum.

Fundargerðir

13. 1901147 - Fundargerðir 2019, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 4.júní sl.

Fundargerð fræðsluráðs 5.júní sl.

a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundaneftndar frá 15. og 29.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 7.júní sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 6.júní

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 29.maí sl.

b. Fundargerð heilbrigðisneftndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 27.maí sl.

c. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 16. og 29.maí sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 29.maí sl.

e. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 29.apríl og 29.maí sl.

f. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17.maí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 5.júní sl.

a. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 29.apríl og 29.maí sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17. maí sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 7.júní sl.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri